

Stjórnarfundur 29/11/22

Til umræðu: Skipulag í kringum leiðandanámskeið.

- Mattias kemur 15:15 á fimmtudaginn. Vill fara beint upp í Sólheimakot og setja upp tölvuna. Guðni ætlar að athuga hvort hann verði laus til að sækja hann.
- Díana og Erla ætla að græja matarinnkaup á fimmtudaginn fyrir helgina.
- Fá Daffa mögulega til að sækja Mattias á morgnanna. Hann fær lykla að kotinu.

Fjárhagsstaða deildarinnar rædd. Við getum mögulega verið að borga með leiðandanámskeiðinu. Spurning um að fá íslenska dómara fyrir prófin á næsta ári. Eða finna nema og fá erlendan dómara með.

Walter Anfinn Poulsen hefur áhuga á að koma og er til skoðunar að fá hann í sækiprófið.

Rætt um að hafa vorprófin mögulega tveggja daga próf. Tvo dómara t.d. Gauja og Einar. Unghundaflokk og opinn flokk báða dagana.

Haustprófið. Hugsanlega einn erlendan og annan íslenskan dómara. Gætum boðið upp á keppnisflokk fyrir það próf. Oystein Storvoll.

Rætt um mögulegt samstarf við aðrar deildir og koma á sameiginlegum æfingum fyrir sækiprófin. Þyrfti mögulega að bjóða upp á betri grunnæfingar fyrir sókn? Hugmynd um að bjóða upp á sækinámskeið, Mattias selur kennslumyndbönd sem væri hægt að festa kaup á og sýna og svo væri farið í að æfa.

Tveir nýjir landnemar. Tveir innfluttir strýhærðir vorsteh hundar. Rakki og tík. Eigandi er Alfreð Tulinius.